

Reykjavík, 16.5.2024

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
nefndarsvid@althingi.is

Varðar: 940. mál. Umsögn Rithöfundasambands Íslands um bókmenntastefnu 2024-2030

Rithöfundasamband Íslands (RSÍ) fagnar því að bókmenntastefna sé um það bil að líta dagsins ljós og þeirri framtíðarsýn sem þar birtist. Sambandið leggur áherslu á að aðgerðaráætlunin verði fullfjármögnuð svo hún komist til framkvæmda sem fyrst, því það felur í sér margar brýnar og löngu tímabærar úrbætur.

RSÍ styður öll meginmarkmið stefnunar en vill þó gera smávægilegar athugasemdir eða áreitingar við eftirfarandi greinar aðgerðaráætlunarinnar:

2. atriði: Vel má hugsa sér sanngjarnari skiptingu á tekjum höfunda vegna útlána á bókasöfnum en nú er við lýði. Nú er til að mynda ekki litið til lengdar bóka og kemur sama grunnreiðsla til vegna langra og stuttra bók, óháð efni þeirra. Lita mætti til þess punktakerfis sem danski bókasafnssjóðurinn vinnur eftir.

4. atriði: RSÍ áréttar mikilvægi þess að þetta sé skoðað af alvöru sem og reynslan af bóklögum í ýmsum nágrannaríkjum okkar sem búa við fast bókverð. Rithöfundar fá skammarlega lága þóknun fyrir streymi, auk þess sem það kippir fótunum undan eintakasölu bóka. Að sama skapi grafa þau tilboð sem einkenna markaðinn fyrir jól undan rekstrargrundvelli bókabúða.

8. atriði: RSÍ styður þetta markmið en áréttar að slíkur starfslaunasjóður verður að vera viðbót við núverandi kerfi en ekki tilfærsla.

15. atriði. RSÍ áréttar mikilvægi þess að setja skýrt regluverk um gervigreind. Eigi að nota höfundaverk íslenskra rithöfunda í máltækniverkefni eða slíku þarf alltaf að koma til sanngjarnt afgang.

Auk þess vill RSÍ benda á að það vantar sárlega stuðning við höfunda sem skrifa fyrir lesendur hér á landi sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Síðustu ár hefur verið gríðarleg gróska í bókmenntasköpun innflytjenda hér á landi og hafa raddir þeirra reynst ferskar og mikilvægar í hinu íslenska bókmenntalandslagi. Brýnt er að til komi opinber stuðningur við þennan vaxtarsprotu íslenskra bókmennta, bæði til útgáfu verkanna og/eða þýðinga eftir atvikum. Um leið og við hlúum að bókmenntum á íslenskri tungu og viðurkennum mikilvægi þess að skrifa, lesa og hugsa á íslensku verðum við að horfast í augu við að Ísland er orðið

fjölmenningsambúlag. Mikilvægur hluti af inngildingunni innflytjenda er að raddir þeirra heyrir.

Þá vill RSÍ benda á mikilvægi þess að tryggja dreifingu og sölu bóka um land allan ársins hring. Það er ólíðandi að bókmenntirnar okkar, sem við höfundar fáum styrki til að skrifa og útgefendur gefa út, séu ekki fáanlegar í öllum landshlutum árið um kring.

Að lokum viljum við benda á mikilvægi þess að tryggja virka, faglega og heilbrigða umfjöllun um bækur. Fyrir um aldarfjórðungi var skrifað um nánast allar bækur sem komu út á Íslandi í flestum fjölmiðlum. Nú er hending ef bækur eru rýndar af fagfólki í fjölmiðlum. Þessu verðum við að breyta.

Við hjá Rithöfundasambandinu eru að sjálfsgöðu tilbúin að hitta nefndina og fara yfir umsögnina.

f.h. stjórnar RSÍ

Margrét Tryggvadóttir formaður